

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. mars 2006
Tilvísun: UST20060300026/óaj

**Borun tveggja rannsóknarhola á austanverðu Ölkelduhálsi í sveitarfélaginu Ölfusi.
Tilkynning um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 2. mars sl. þar sem óskað er álitis Umhverfisstofnunar á því hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Framkvæmdin

Um er að ræða borun tveggja borhola á Ölkelduhálsi. Samkvæmt tilkynningunni felur framkvæmdin í sér gerð aðkomuleiða, borstæða, vatnstöku, borun og prófun á rannsóknaholum og efnistöku.

Tilgangur með rannsóknarborunum á nýju jarðhitasvæði á Ölkelduhálsi er að fá úr því skorið hvort nýta megi svæðið til orkuvinnslu fyrir veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur.

Landslag

Í tilkynningunni kemur fram að samkvæmt skýrslu sem Líffræðistofnun Háskóla Íslands vann um gildi landslags á Hengilssvæðinu kemur fram að svæðið við Ölkelduháls er talið hafa hátt útivistargildi, mjög mikla fjölbreytni og mikla landslagfegurð/sjónrænt gildi. Þó er talið að röskun á svæðinu sé talsverð.

Umhverfisstofnun er sammála ofangreindum fullyrðingum er varða gildi landslags á Hengilssvæðinu. Stofnunin er einnig sammála því að því svæði hafi einnig verið töluvert raskað vegna framkvæmda. Því telur stofnunin að fara ætti hægt í framkvæmdir á svæðinu þar sem þær gætu haft enn meiri áhrif á landslag og útivist.

Gróður

Í tilkynningu um matsskyldu framkvæmdarinnar kemur fram að fyrirhugað framkvæmdasvæði rannsóknaborana við Ölkelduháls er þökkalega gróið og gróðurfar er nokkuð fjölbreytt. Í nágrenni við heitar laugar á Ölkelduhálsi hafa fundist jarðhitaplönturnar laugadepla, naðurtunga og grámygla og mosinn laugarandi, sem eru sjaldgæfar og telur Náttúrufræðistofnun Íslands mikilvægt að koma í veg fyrir að búsvæði þessara tegunda skerðist við framkvæmdir á Hengilssvæðinu.

Umhverfisstofnun tekur undir með Náttúrufræðistofnun Íslands að vernda beri búsvæði framangreindra tegunda og því ber að rannsaka nánar hvort og að hvaða marki

fyrirhugaðar framkvæmdir hafa áhrif á búsvæðin. Umhverfisstofnun bendir á að eins og fram kemur í tilkynningu framkvæmdaraðila eru framkvæmdasvæði rannsóknaborana við Ölkelduháls þökkalega gróin og gróðurfur fjölbreytt. Einnig kemur fram að gróðurfur á rannsóknarsvæði Orkuveitunnar á Hengilssvæðinu er almennt fremur fábreytt. Því telur stofnunin mikilvægt að gróðurlendum verði ekki raskað frekar með framkvæmdum á Hengilssvæðinu. Umhverfisstofnun bendir einnig á að jarðhitavökvi frá blásandi borholu geti haft áhrif á gróður í næsta nágrenni borstæða.

Dýralíf

Í tilkynningunni kemur fram að í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands þá hafa verið skráðar 10-12 tegundir varpfugla í Reykjadal og á Ölkelduhálsi. Talið er að hrafn og fálki, sem eru á válista, hafi orpið í nágrenninu.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að gengið sé úr skugga um að fyrrgreindar tegundir á válista verði fyrir óverulegum áhrifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Einnig er mikilvægt að ef til framkvæmda kemur á Ölkelduhálsi að boranir og blástur fari fram utan varptíma.

Vegagerð

Samkvæmt tilkynningunni mun rask verða nær ekkert fyrir kost A [holu A], sem er við veginn á Bitrunni, en fyrir kost B [holu B] þarf veg að nýju borstæði um 300 m frá línuveginum eftir moldarflagi sem þar er. Gera þarf nýjan vegslóða að borstaðnum færan fyrir stórvirk tæki og flutninga á tækjabúnaði til jarðborunar.

Að mati Umhverfisstofnunar mun vegagerð á fyrirhuguðum kosti B [holu B] hafa í för með sér ásýndarbreytingar á svæðinu þar sem opnað er nýtt svæði með vegagerð.

Framtíðarvinnslusvæði

Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að ef rannsóknarboranir á Ölkelduháls svæði leiða í ljós að um vænlegt vinnslusvæði sé að ræða er mögulegt að nýta svæðið með því að reisa þar jarðgufuvirkjun og tengja borholurnar við hana. Er þar átt við hefðbundin mannvirki jarðgufuvirkjunar til rafmagnsframleiðslu, önnur en stjórnstöðvar- og þjónustubyggingar. Virkjunin yrði þá tengd Nesjavalla- eða Hellsheiðarvirkjun.

Umhverfisstofnun telur að staðsetning borplana og vega sé stefnumarkandi fyrir frekari framkvæmdir ef til jarðhitanýtingar kemur. Því er nauðsynlegt að í upphafi rannsóknarborana sé tekin afstaða til staðsetningar mannvirkja, þ.m.t. virkjunar á Ölkelduhálsi og annarra skyldra mannvirkja. Umhverfisstofnun telur einnig að geri þurfi grein fyrir hugsanlegum umhverfisáhrifum tengingar virkjunar á Ölkelduhálsi við Nesjavalla- eða Hellsheiðarvirkjun enda er um tengdar framkvæmdir að ræða.

Náttúruminjar

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er á náttúruminjasrá nr. 752, Hengilssvæðið. Um svæðið segir skránni:

Hengilssvæðið, Ölfushreppi, Grafningshreppi, Árnassýslu. (1) Vatnasvið Grændals, Reykjadals og Hengladala ásamt Marardal og Engidal norðan Húsmúla. Að sunnan liggja mörk um Skarðsmýrarfjall, Orrustuhól og Hengladalsá að Varmá. (2) Stórbrotið landslag og fjölbreytt að jarðfræðilegri gerð, m.a. jarðhiti.

Samkvæmt 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum þarf við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda að athuga eðli framkvæmdar, m.a. með tilliti til sammögnunaráhrifa með öðrum framkvæmdum. Að mati Umhverfisstofnunar hefur verndargildi svæðisins rýrnað töluvert við þær framkvæmdir sem hafa verið leyfðar á svæðinu, þ.e. lagningu Búrfellslínu 3A sem og borun rannsóknarhola. Stofnunin telur að fyrirhugaðar framkvæmdir á svæðinu geri svæðið enn manngerðara en það er í dag og dragi enn frekar úr verndargildi þess. Að mati stofnunarinnar má telja að sammögnunaráhrif

fyrirhugaðra framkvæmda á Ölkelduhálsi og þeirra mannvirkja sem fyrir eru kunni að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á verndargildi svæðisins.

Hljóðvist

Í tilkynningu um framkvæmdina segir að búast megi við að hljóðstig hækki næst borsvæðum á framkvæmdatímanum vegna hávaða frá borun og prófun rannsóknarhola. Hávaði fari þó sjaldnast yfir 90 dB(A) og takmarkist við borsvæðið sjálft. Frá borholu í blæstri má reikna með hávaða á bilinu 70-110 dB(A). Í tilkynningu framkvæmdaraðila segir jafnframt að framkvæmdasvæðið sé á vinsælu útivistarsvæði og geti hávaði frá blæstri hugsanlega valdið útivistarfólki ónæði. Truflunin sé hins vegar tímabundin og líklega staðbundin.

Í reglugerð nr. 933/1999 um hávaða er ekki sérstakt viðmiðunargildi fyrir hávaða á útivistarsvæðum utan þéttbýlis en viðmiðunargildið fyrir útivistarsvæði í þéttbýli er 50 dB(A). Umhverfisstofnun hefur miðað við að almennt eigi að tryggja að hljóðstig á útivistarsvæðum fari ekki yfir 50 dB(A). Ljóst er að hávaði frá borholunum verður töluvert yfir þeim mörkun. Umhverfisstofnun telur að þar sem fyrirhugaðar rannsóknarborholur eru á svæði sem er vinsælt útivistarsvæði jafnt á sumri sem vetri, einkum til gönguferða og skíðaiðkunar, séu líkur á að hávaði frá borholum í blæstri muni valda þeim sem njóta vilja útivistar á svæðinu ónæði. Eins og bent er á í tilkynningu um framkvæmdina verður hávaði frá rannsóknarholunum tímabundinn. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að upplýsa gesti svæðisins um framkvæmdirnar, s.s. með uppsetningu skilta við aðkomuleiðir að útivistarsvæðinu og vara við áhrifum þeirra.


Niðurstaða


Ölkelduháls og nágrenni eru talin hafa hátt útivistargildi og landslagsgildi samkvæmt mati Líffræðistofnunar Háskóla Íslands. Þar er mikil litauðgi og fjölbreytni í landi og um svæðið liggja bæði göngu- og reiðleiðir. Svæðið er á náttúruminjaskrá og þar er að finna náttúruminjar sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga um náttúruvernd. Að mati Umhverfisstofnunar kunna fyrirhugaðar rannsóknarboranir á Ölkelduhálsi hafa í för með sér umtalsverða skerðingu á verndargildi þess svæðis sem er á náttúruminjaskrá enda munu mannvirki verða enn sýnilegri þar en nú er orðið. Við mat á áhrifum á verndargildi þarf einnig að líta til þess að nú þegar er búið að taka hluta Hengilssvæðisins undir virkjunarsvæði, sem eykur enn á gildi annarra hluta þess. Eins og fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila kunna fyrirhugaðar rannsóknarboranir að leiða til nýtingar á svæðinu og telur Umhverfisstofnun því eðlilegt að meta sammögnunaráhrif með þeim framkvæmdum sem þegar hafa verið leyfðar og framkvæmdir sem verða komi til nýtingar. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að gengið sé úr skugga um að þær tegundir dýra sem eru á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands verði fyrir óverulegum áhrifum vegna framkvæmdanna.

Umhverfisstofnun bendir á að í tilkynningu um framkvæmdir við rannsóknarboranir koma fram ófullnægjandi upplýsingar um sjónræn áhrif framkvæmdarinnar. Fjalla þyrfti ítarlegar um þennan þátt, ekki síst þar sem áhrif á verndargildi landslags eru mikil.

Að ofansögðu telur Umhverfisstofnun að umræddar rannsóknarboranir séu líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Virðingarfyllst


Ólafur A. Jónsson
Sérfræðingur


Helgi Jónsson
Forstöðumaður